



Íbúaráð Grafarvogs
Heimir Snær Guðmundsson

Framtíðarskipulag knattspyrnuvalla hjá Fjölni - tilv. R20060244

Á fundi íbúaráðs Grafarvogs þann 24. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn vegna framtíðarskipulags knattspyrnuvalla fyrir Ungmennafélagið Fjölni í Grafarvogi annars vegar vegna uppbyggingar við Dalhús og uppbyggingar við Egilshöll hins vegar.

Til skoðunar eru bæði þessi svæði, þ.e. að byggja upp áhorfendaaðstöðu við Dalhús eða við Egilshöll. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu. Fjármagn er ekki til staðar, en vinnu er ekki lokið við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 og til næstu ára. Reykjavíkurborg hefur styrkt íþróttafélög undanfarin ár vegna bygginga á stúkum þegar framkvæmdir hafa alfarið verið félaganna. Einnig eru dæmi um að borgin hafi byggt stúku við íþróttasvæði sem eru alfarið á vegum borgarinnar. Í stefnu um íþróttamál í borginni til ársins 2030 og forgangsröðum framkvæmda, íþróttamannvirkja hefur áhorfendaaðstaða við knattspyrnuvelli Fjölnis verið til skoðunar.


Omar Einarsson,
sviðsstjóri.